

## Fréttabréf - apríl 2004

### Réttinda- og iðgjaldayfirlit

Þessu fréttabréfi fylgir yfirlit frá samtryggingardeild (lögbundið 10% framlag) fyrir iðgjaldamánuðina október-desember 2003, svo og iðgjöld frá fyrri tímabilum sem borist hafa á sama tíma. Yfirlitið sýnir einnig áunnin réttindi í lok ársins 2003 og áætluð réttindi þegar kemur að töku lífeyris, miðað við að meðaliðgjöld til sjóðsins verði þau sömu og á árinu 2003. Sjóðurinn sendir út yfirlit með réttindastöðu einu sinni á ári og miðar það við áramót.

Yfirlit frá séreignardeild fyrir tímabilið 1. október – 31. desember 2003 verður sent innan skamms.

Ef villur eru í yfirlitunum eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að láta skrifstofu sjóðsins vita án tafar, annars eiga þeir á hættu að tapa réttindum (sbr. lög um Ábyrgðasjóð launa).

### Aðgangur að iðgjalda- og réttindaupplýsingum á Netinu

Yfir 260 sjóðfélagar eða um 12% af virkum sjóðfélögum hafa sótt um og fengið aðgang að iðgjalda- og réttindaupplýsingum á netinu. Með því geta þeir hvenær sem er séð stöðuna, bæði réttindi og skil á iðgjöldum.

Aðrir sjóðfélagar eru hvattir til að sækja um aðgang að þessari þjónustu með rafrænum hætti á vefsíðunni.

Til að sækja um aðgang er farið inn á vefsíðu sjóðsins, [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is), og smellt á valkostinn “Réttindi” og síðan “Mín réttindi”. Þar eru veittar nánari upplýsingar.

Einnig er unnt að fara beint inn á slóðina [https://veita.strengur.is/L820/index.jsp?ib\\_page=4](https://veita.strengur.is/L820/index.jsp?ib_page=4) og ýta á valkostinn “Nýskráning”.

Sjóðfélaginn fær svo bréf sent (á skráð lögheimili) með notandaheiti og lykilorði.

### Tillögur um breytingar á samþykktum

Aðalfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 29. apríl nk. kl. 17:15 á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún. Undir dagskrárliðnum Breytingar á samþykktum verða teknar til umræðu og afgreiðslu tvær tillögur stjórnar sjóðsins, annars vegar um breytingu á ákvæði um aðild að sjóðnum og hins vegar um ákvörðun stjórnarlauna.

Lagt er til að sjóðfélagar geti orðið allir þeir sem hafa lokið 90 eininga háskólaprófi. Með þessu verður fest í sessi verklagsreglan sem stjórn sjóðsins hefur notað undanfarin 10 ár frá því að samþykkt var að opna fyrir aðild fólks með aðra háskólamenntun en verkfræði.

Lagt er til að aðalfundur ákveði stjórnarlaun. Um langt skeið hefur stjórnarseta í Lífeyrissjóði verkfræðinga verið launuð. Hingað til hafa stjórnarmenn sjálfir ákveðið fjárhæð stjórnarlauna.

Sjóðfélagar eru hvattir til að fjölmenna á fundinn. Rétt er að minna á að allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á aðalfundinum með málfrelsi, tillögurétti og atkvæðisrétti, jafnt um tillögur sem og í kjöri stjórnar og annarra trúnaðarmanna.

## Góð ávöxtun beggja deilda á árinu 2003

Árið 2003 var með betri árum í sögu lífeyrissjóðsins hvað ávöxtun varðaði. Fjárfestingartekjur voru jákvæðar um 1.637 milljónir króna. Þetta stafaði einkum af hækkun hlutabréfaverðs innanlands og á helstu mörkuðum erlendis, en hins vegar varð styrking íslensku krónunnar til þess að draga úr ávinningi af erlendum eignum.

Nafnávöxtun íslenskra hlutabréfa í eigu sjóðsins var afar góð, 54,4%. Nafnávöxtun erlendra verðbréfa í eigu sjóðsins var jákvæð um 21,3% í krónum (37,7% í dollurum) og var um 7,1% betri en vegin viðmiðunarvísitala erlenda safnsins.

Vöxtur samtryggingardeildar sjóðsins varð mikill á árinu. Iðgjöld jukust um 6,1% milli ára en hækkun á hreinni eign sjóðsins varð 21,8% eða 2.536 milljónir króna. Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 2003 kr. 14.189.731.909.

Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 12,70% á árinu 2003, raunávöxtun (fyrir rekstrarkostnað) var 9,91% og hrein raunávöxtun 9,67%. Meðaltal hreinnar ávöxtunar síðustu 5 ár er 0,82%.

Þetta var fimmta starfsár séreignardeildar sjóðsins. Iðgjaldagreiðslur jukust um 13,6% frá fyrra ári og greiddu 713 sjóðfélagar í þennan sparnað. Hrein eign deildarinnar í lok ársins 2003 var kr. 556.963.348.

Nafnávöxtun séreignardeildarinnar var 11,20%, raunávöxtun var 8,26% og hrein raunávöxtun 7,94%. Meðaltal hreinnar ávöxtunar síðustu 5 ár er 4,85%.

**Séreignardeildin** tók til starfa á árinu 1999. Í fyrstu fjárfesti hún bæði í hlutabréfum og skuldabréfum en frá árinu 2000 hefur eingöngu verið fjárfest í skuldabréfum og á deildin nú einungis íslensk skuldabréf og hlutdeildarskrteini í íslenskum skuldabréfasjóðum.

**Samtryggingardeildin** fjárfesti á árunum 1995-2000 í verulegum mæli í erlendum hlutabréfum sem skiluðu góðri ávöxtun á árunum 1995-1999. Hins vegar var ekki fjárfest í slíkum bréfum að neinu marki í rúm 3 ár, frá vori 2000 til hausts 2003, enda voru verulegar lækkanir á erlendum hlutabréfamörkuðum lengst af þess tíma. Frá sl. hausti hefur sjóðurinn á nýjan leik farið að fjárfesta í erlendum hlutabréfum en hefur jafnframt leitast við að draga úr tapáhættu og minnka sveiflur í ávöxtun. Erlend hlutabréfaeign sjóðsins skilaði góðri ávöxtun á síðasta ári og hefur sú þróun haldið áfram á þessu ári.

## Nýr bankareikningur iðgjalda

Breytt hefur verið vinnulagi við færslu iðgjalda inn í lífeyriskerfi sjóðsins. Upplýsingar um færslur á bankareikningum sjóðsins eru færðar rafrænt inn í lífeyriskerfið og af tæknilegum ástæðum er heppilegra að nota einn reikning til að taka við iðgjöldum í stað tveggja áður. Sjóðfélagar sem annast sjálfir greiðslu iðgjalda til sjóðsins eru beðnir að nota nýja reikningsnúmerið héðan í frá.

Nýi reikningurinn er: **1163-26-7700**

Lífeyrissjóðsnúmerin eru: Samtryggingardeild: 820 Séreignardeild: 821

16. apríl 2003

Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri ([stefan@lifsverk.is](mailto:stefan@lifsverk.is))